

**Sp. 1250. Tillaga til þingsályktunar**

um ríkisábyrgð á viðbótarláni Siglufjarðarkaupstaðar vegna virkjunar Fljótaár.

(Eftir fyrri umr.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs viðbótarlán fyrir Siglufjarðarkaupstað að upphæð 5 millj. króna, til að ljúka við virkjun Fljótaár, þó ekki yfir 85% af heildarkostnaði.

Ábyrgðarheimildin er enn fremur bundin því skilyrði, að fram komi ýtarlegar og fullnægjandi skýringar á því, hvers vegna kostnaður við verkið fer svo mjög fram úr því, sem áætlað hafði verið, og þó einkum, hvernig á þeirri hækkun stendur, sem á áætluninni varð frá nóvember 1943 til nóvember 1944.

Loks liggja fyrir það álit frá rafmagnseftirliti ríkisins, að það telji, að rafveitan geti staðið undir lánum þeim, er ríkissjóður ábyrgist.

Lánið sé til 25 ára, með eigi hærri en 4% vöxtum og gegn þeim tryggingu, sem ríkisstjórnin tekur gildar.